Mánudaginn 14. febrúar 1994.

Nr. 50/1994. **Olíufélagið hf.**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Önfirðingi hf.

Kærumál. Varnarþing. Verslunarkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1993, sem barst réttinum 28. janúar 1994. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunarúrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Varnaraðili hefur eigi látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf sóknaraðila frá 11. febrúar 1994 um viðskiptasamband hans við afgreiðslumenn á Hellissandi og Flateyri. Þar segir meðal annars: „Afgreiðslurnar eru reknar af afgreiðslumönnunum í umboðssölu. Tankar, birgða- og bensínstöðvar ásamt birgðum eru eign Olíufélagsins hf. Afgreiðslumenn fá afgreiðslulaun og skila mánaðarlega söluskýrslu til aðalskrifstofu yfir þá vöru, sem þeir selja fyrir Olíufélagið."

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 91/1991 skal skuldareigandi sækja mál í þeirri þinghá, þar sem hann hefur útibú og vara eða þjónusta hefur verið látin í té. Telja verður, að þetta ákvæði taki til þeirra viðskipta, sem fram hafa farið milli aðila málsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. september 1993, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 16. júní 1993, af Olíufélaginu hf., kt. 500269–4309, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, gegn Önfirðingi hf., kt. 021249–3949, Flateyri, og er stjórnarformanni þess, Ólöfu Önnu Ólafsdóttur, kt. 300754–

3879, Drafnargötu 7, Flateyri, stefnt f.h. þess hönd til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 656.425,00 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af kr. 406.003,00 frá 1. júní 1991 til 1. júlí 1991, af kr. 656.425,00 frá þeim degi til greiðsludags auk vaxtauppfærslu á 12 mánaða fresti með heimild í III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að frádregnum innborgunum 27. september 1991 kr. 50.000,00, 17. febrúar 1992 kr. 10.000,00 og í mars kr. 30.000,00, samtals kr. 90.000,00, sem stefnandi kveður hafa verið greiddar inn á kröfuna áður en hún kom til lögfræðilegrar innheimtu. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu hins stefnda félags hefur þing ekki verið sótt og er því þó löglega stefnt.

Verður þá eftir 96. gr. laga nr. 91/1991 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum. Mál þetta er höfðað til heimtu skuldar skv. 2 reikningum ásamt viðfestum nótum vegna úttekta hins stefnda félags á olíu og fleira hjá stefnanda.

Á reglulegu dómþingi hinn 23. september 1993 lagði stefnandi fram sókn þar sem gerð er grein fyrir varnarþingi málsins. Þar segir: „Olíufélagið hf. er með lögheimili og varnarþing í Reykjavík og rekur engin útibú eins og meðf. skráning hjá Hlutafélagaskrá ber með sér. Stefnandi lítur svo á, nema um annað sé samið, að viðskipti, sem eiga sér stað úti á landi, feli í sér samningssamband milli aðila, sem gangi út á afgreiðslu vöru og þjónustu frá starfsmanni og/eða umboðsmanni stefnanda á viðkomandi stað til kaupanda, en kaupandi vöru eða þjónustu lofi jafnframt að greiða fyrir þjónustuna hjá Olíufélaginu hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík. Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 91/1991 er því eðlilegt að stefna málinu inn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, enda um kunngerða viðskiptaskilmála að ræða, og engin mótmæli eru höfð uppi af hendi stefnda. Ég ítreka að stefnandi hefur engin útibú úti á landi, og bílstjóri og olíubifreið getur varla talist „föst starfsstöð" í skilningi 36. gr. fyrrgreindra laga."

Hinir fram lögðu reikningar eru merktir stefnanda, en auk þess Pétri Þórðarsyni, Brimnesvegi 28, Flateyri. Flestar hinna viðfestu nótna eru sömuleiðis merktar Pétri Þórðarsyni, en aðrar Ársæli Kr. Ársælssyni við Útnesveg, Hellissandi. Hinar viðfestu nótur bera með sér að þær eru vegna úttekta hins stefnda félags á olíu og ýmsum olíuvörum, svo sem frostlegi og áklæðahreinsi, en einnig eru þær vegna úttekta á verkfærum, vettlingum o. fl. Fram lagðir reikningar og úttektarnótur bera með sér að framangreindar vörur hafa verið fengnar í verslun eða annarri fastri starfsstöð á Hellissandi og Flateyri, enda er alkunna að olíufélög reka slíkar verslanir

um land allt. Samkvæmt stefnu er heimili hins stefnda félags á Flateyri. Með vísan til framangreinds svo og þess, að þing hefur ekki verið sótt af hálfu hins stefnda félags, þykir bera að vísa máli þessu frá dómi án kröfu, sbr. 2. mgr. 36. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og Hæstaréttardóm frá 17. október 1988. Framlagning skjals, dskj. nr. 7, sem er útprentun úr Hlutafélagaskrá, þykir ekki hnekkja þeirri niðurstöðu.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.